

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Kambaland.

Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar þann 11. nóvember 2021 var samþykkt breyting á deiliskipulagi fyrir Kambaland. Deiliskipulagssvæðið, sem nær til um 30 ha lands, afmarkast til suðurs og vesturs af hringvegi (Suðurlandsvegi), til norðurs af Hamrinum og til austurs af núverandi byggð við Smyrlaheiði, Valsheiði, Kjarrheiði, Borgarhraun og Kambahraun. Tillagan felur í sér fjölgun íbúða á norðurhluta svæðisins og við Kaplahraun og breytingu á leikskólalóð og verslunar- og þjónustulóð. Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ofangreint deiliskipulag öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 20. desember 2021.

Guðmundur F. Baldursson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2021